



Aðalfundur Framfarafélags Flateyjjar

Laugardaginn 12. mars 2016 kl. 14.

í fundarsal Barðstrendingafélagsins, Konnakoti, Hverfisgötu 105

Mætt eru:

Gylfi Guðmundsson (GG) (Félagshúsi), Hallbjörn S. Bergmann (HSB) (Bentshús e.hæð), Svava Sigurðardóttir (SS) (Eyjólfshús vestur), Kristinn Nikulásson (KN) (Bentshús n.hæð), Hörður Gunnarsson (HG) (Vesturbúðir), Daði Heiðar Sigurþórsson (DHS) (Bræðraminni), Baldur Ragnarsson (BR) (Byggðarenda), Guðrún Marta Ársælsdóttir (GMÁ) (Byggðarenda), Gyða Steinsdóttir (GSt) (Sunnuhvoll), Kristín Ingimarsdóttir (KI) (Sólbakka), Guðmundur Stefánsson (GStef), (Myllustöðum), Heimir Sigurðsson (HS) (Skólahús vestur), Bjarni H. Sigurjónsson (BHS) (Berg), Sigbór Hallfreðsson (SH) (Bræðraminni), Björg Aradóttir (BA) (Eyjabergi), Jensína U Kristjánsdóttir (JUK) (Félagshús), Hilmir Þór Bjarnason (HÞB) (Berg), Sigfús Jónsson (SJ) (Bentshús e.hæð), Albert Páll Sigurðsson (Klausturhólar), Trygvi Gunnarsson (TG) (Krákuvör), Gunnar Sveinsson (GSv) (Eyjólfshús vestur)

Fundarefni: samkvæmt lögum félagsins

1. Skýrsla stjórnar um störf ársins 2015
2. Reikningar félagsins 2015 lagðir fram til umræðu og samþykktar
3. Fjárhagsáætlun 2016 lögð fram til umræðu og samþykktar
4. Tillögur til breytinga á lögum félagsins
5. Kosning stjórnar og formanns skv. gr. 3.1.
6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga úr hópi annarra félaga
7. Skýrslur annarra félaga eða nefnda tengdum Flatey sem óska eftir að gera grein fyrir starfi sínu
8. Önnur mál

Formaður FFF, Gyða Steinsdóttir setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Stungið var upp á Guðmundi Stefánssyni sem fundarstjóra og Gunnari Sveinssyni sem fundarritara og var það samþykkt samhljóða.

1. Skýrsla stjórnar

GSt, formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar þar sem greint var frá helstu verkefnum stjórnar á starfsárinu. Vetrarhátíð FFF var haldin 14. mars og var í höndum Eyjólfshúss fólks. Hátíðin var haldin á nýjum stað í Fákshúsinu Víðidal og tókst með miklum ágætum. Að lokinni hátíð fékk Byggðarendi keflið fyrir næstu Vetrarhátíð.

FFF leitaði eftir túlkun Vegagerðarinnar varðandi viðkomu Baldurs í Flatey yfir vetrarmánuði. Málið var reifað á fundi við hina nýju eigendur Sæferða. Ánægjuleg niðurstaða náðist á fundinum þar sem Baldur mun koma við í Flatey alla þá daga sem Baldur siglir yfir fjörðinn nema veður hamli viðkomu í Flatey.

Formaður FFF ræddi við starfsmenn Siglingasviðs Vegagerðarinnar um slæmt ástand bryggjunnar í Flatey. Í kjölfarið ræddi stjórn við sveitarstjóra Reykhólahrepps og framkvæmdastjóra Sæferða um málið. Fulltrúar Vegagerðarinnar komu til Flateyjjar síðastliðið sumar til að meta ástand bryggjunnar. Nauðsynlegt er að halda áfram að þrýsta á um lagfæringar. Unnið verður enn frekar að öryggismálum við bryggjuna með því að hefta aðgengi að bryggju meðan Baldur er að leggjast að. Stjórn FFF fjallaði um sjóvarnir í Flatey með fulltrúa sveitarfélagsins og fram kom að fjármagn er á samgönguáætlun til að hefja hönnunavinnu og síðan framkvæmdir.

Ráðgert er að halda áfram með stígagerð í Flatey nú í vor enda eru til fjármunir til framkvæmda. Sótt hefur verið um enn frekari styrk til Reykhólahrepps en hann hefur yfir að ráða fjármunum er nýta má

í áningastaði. Fyrir liggur loforð frá Eimskipi um aðstoð. Ráðgert er að fara í framkvæmdir 15. apríl n.k. og er vonast til að Flateyngar fjölmenni í þessa fyrirhuguðu vinnuferð.

Sveitarstjórnarmál Flateyjar hefur verið mikið í umræðunni að undanfögnu. Íbúar Flateyjar sendu Stykkishólmsbæ erindi um hvort áhugi væri hjá Stykkishólmsbæ að taka við stjórnslu málefna Flateyjar frá Reykhólahreppi. Svárið var jákvætt og í framhaldi sendu íbúar erindið til Reykhólahrepps. Sveitarstjórn lýsti því yfir að hún vill alls ekki hlíta því að stjórnslu Flateyjar flytjist til Stykkishólms. Íbúar, húseigendur og FFF hafa lýst yfir óánægju með afgreiðslu sveitarstjórnar. Bréf fóru á milli FFF og sveitarstjórnar þar sem óskað var eftir rökstuðningi sveitarfélagsins fyrir þessari ákvörðun sinni, fundur haldinn með sveitarstjórn og FFF og þar var samþykkt að halda sameiginlegan fund eða málþing með félagsmönnum FFF um málefni Flateyjar, hlutverk sveitarstjórnar og beiðni um flutning. Hugsanlega getur orðið af slíku málþingi 8 – 9 apríl n.k. Nauðsynlegt verður að skoða alla kosti og galla núverandi fyrirkomulags og síðan mögulegan flutning stjórnslu til Stykkishólms. Fá þarf fram hvað það er við þjónustu sveitarfélagsins sem aðilar eru ósáttir við í dag.

Greinilegt er að þessar samræður milli íbúa Flateyjar og Reykhólahrepps hafa leitt til jákvæðra hluta fyrir samfélagið í Flatey. Ráðinn verður starfsmaður til starfa í Flatey tvo til þrjú mánuði í sumar, styrkur mun koma frá Reykhólahreppi til að skipuleggja skemmtidagskrá fyrir íbúa og húseigendur í Flatey og gert er ráð fyrir að tengja slíka dagskrá Flateyjdögum í samstarfi við rekstraraðila hótelsins og Bryggjubúðarinnar.

Dreifbýlisnefnd hefur verið skipuð sem er vettvangur íbúa á jaðarsvæðum sveitarfélagsins en Guðrún Marta í Byggðarenda mun segja frá störfum nefndarinnar síðar á fundinum.

Í sumar var fjallað um í fjölmiðlum að hugsanlega stæði til að innheimta gjald fyrir bílastæði í Stykkishólmi. Stjórn FFF fylgdist með málinu og kynnti sér fyrirkomulag annar staðar þar sem ferjubryggjur eru. Sú könnun leiddi í ljós að slík gjaldtaka er hvergi í ferjuhöfnum á Íslandi. FFF hefur sent Stykkishólmsbæ fyrirspurn um málið og beðið er svars frá sveitarfélaginu.

Greint var frá fundi FFF með Gunnlaugi Grettissyni frá Sæferðum þar sem ræddar voru ferjusiglingar yfir fjörðinn, sameiginleg hagsmunamál FFF og Sæferða, ástand bryggjunnar í Flatey, öryggismál farþega á bryggjunni, aðkoma Eimskips að stígagerð/áfangastaða í Flatey og var heimasíða FFF kynnt fyrir GG.

Hreinsunarhelgi verður hvítasunnuhelgina 15. maí og rætt hefur verið um að auka samkennd, almenna þátttöku í vinnuferðum og „*hrista hópinn saman*“ með því að bjóða upp á veitingar. Áhugi er fyrir því að grjóthreinsa vikur og voga en það þarfnast samspils mann- og vélaraflla. Brunaæfing verður hugsanlega þessa helgi.

Sagt var frá ritnefnd fyrir heimasíðu sem skipuð var á aðalfundi 2015 en fulltrúar FFF í nefndinni eru þau Svava og Daði og var Heimir fenginn til að vera í forsvari heimasíðunefndar. Vilji er hjá stjórn FFF að gera enn betur á nýju starfsári og hvetja félagsmenn til að koma efni á framfæri.

Að lokum var greint frá því að tveir stjórnarmenn muni ganga úr stjórn vegna ákvæða um hámarkstíma stjórnarsetu (sex ár) en það eru Hörður Gunnarsson og Svava Sigurðardóttir. Var þeim þakkað fyrir gott og skemmtilegt starf í stjórn FFF enda ætíð gott að leita til slíks reynslumikils fólks í stjórn FFF.

2. Reikningar félagsins lagðir fram

SS, gjaldkeri félagsins lagði fram og skýrði reikninga félagsins og einstaka liði þeirra. Samtals voru tekjur félagsins **1,30 millj**, gjöld voru samtals tæplega **1,0 millj**. Hagnaður var 305 þús. Nánari útlistun má sjá í ársreikningi félagsins. SS útskýrði að hækkun ógreiddra félagsgjalda milli ára stafaði af því innheimta þeirra var send út eftir síðustu áramót en 31 hús og húshlutir greiða til félagsins. Félagsgjöld voru hækkuð úr 5.000 í 10.000 á síðasta aðalfundi samkvæmt framkominni tillögu þar um. Reikningar félagsins eru endurskoðaðir og undirritaðar af kjörnum skoðunarmönnum reikninga félagsins þeim Katrínu Baldvinsdóttir, Eyjólfshúsi og Kristni Nikulássyni, Bentshúsi.

3. Fjárhagsáætlun ásamt tillögu um félagsgjald fyrir næsta starfsár

SS, gjaldkeri félagsins kynnti og fór yfir fjárhagsáætlun FFF en þar er gert ráð fyrir árgjöldum að upphæð 310 þús. Rekstrargjöld eru 100 þús og áætlaður hagnaður er því 210 þús. Lagt er til að félagsgjöld verði óbreytt frá síðasta ári eða kr. 10.000.- p/hús.

Í umræðu um ársreikninga og fjárhagsáætlun kom m.a. *fyrirspurn varðandi tryggingu á píanó (10,9 þús) og hver væri eigandi þess (Framfarafélagið), í ljósi þess að FFF á um 1,0 millj á bankareikningi þá þykja vextir að upphæð 5,3 þús ekki há ávöxtun af þessari upphæð og væri ekki rétt að skoða þessa vexti.* Stjórnin mun skoða þessa ávöxtun hjá Arionbanka.

Í umræðu um skýrslu stjórnar kom m.a. fram. *Fullyrt var að engin efnisleg rök liggja til grundvallar neitun Reykhólahrepps. TG sagði frá tilurð bréfs íbúa Flateyjar til Reykhólahrepps um færslu stjórnarsýslu Flateyjar til Stykkishólmsbæjar. Hafði hann átt viðræður við oddvita hreppsins þar sem kom fram að Reykhólahreppur ætti miklar eignir í Flatey sem huga þyrfti að, minnst var á eignarnámið á sínum tíma og hvaða lönd í Flatey sem hreppurinn ætti og að rétt væri að fá álit ráðuneytis á þessu máli og mat. Beiðni hefði komið frá íbúum Flateyjar varðandi stjórnarsýslu og hvaða þjónustu sveitarfélagið væri að veita Flatey. Fundarstjóri ítrekaði að verið væri að ræða skýrslu stjórnar og ársreikning og þessi umræða ætti heima undir liðnum önnur mál. Skýrsla stjórnar, ársreikningur og fjárhagsáætlun borin upp og samþykktar samhljóða.*

Fundarstjóri kvaddi sér hljóðs milli dagskráliða og las upp úr ársritinu Breiðfirðingi frá 1942 þar sem auglýst var saltkjöt og annar viðurgjörningur, rætt um matarkistuna Breiðafjörð og hvað þessi kista hefði í reynd kostað þessi litlu samfélög mörg mannslíf og hina góðu ættarstofna sem teygðu sig til B. Guðmundssonar í Svefneyjum.

4. Tillögur til breytinga á lögum félagsins

Ekki komu fram neinar tillögur undir þessum lið.

5. Kosning stjórnar og formanns

GSt greindi frá því að vegna reglu um sex ára setu í stjórn FFF myndu þau Hörður Gunnarsson og Svava Sigurðardóttir ganga úr stjórn nú.

Kosninga formanns fer fram sérstaklega og gaf Gyða Steinsdóttir kost á sér til áframhaldandi setu. Samþykkt samhljóða með lófaklappi.

Lögð var fram tillaga um tvo nýja stjórnarmenn, þau Bylgju Baldursdóttir, Byggðarenda og Hilmi Bjarnasyni, Bergi auk Kristínar S. Ingimarsdóttir og Daða Heiðari Sigurpórssonar sem fyrir voru í stjórn. Tillagan var samþykkt samhljóða með lófaklappi.

GSt. þakkaði þeim Herði og Svövu ánægjulega stjórnarsetu og eftirsjá væri af jafn hæfu og reynslumiklu fólki og óskaði nýjum stjórnarmönnum til hamingju með stjórnarsetu.

6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Stungið upp á áframhaldandi störfum Katrínar Baldvinsdóttir og Kristins Nikulássonar við endurskoðun og áritun reikninga félagsins. Tillagan var samþykkt samhljóða með lófaklappi.

7. Skýrslur annarra félaga eða nefnda tengdum Flatey

- **Kirkjustjórn/sóknarnefnd Flateyarkirkju**

GSt greindi frá störfum kirkjustjórnar/sóknarnefndar Flateyarkirkju á síðasta ári. Fram kom í máli hans að verkefni tengd kirkjunni 2015 hefðu að mestu farið í undirbúning verka fyrir árið 2016 enda mikil framkvæmdaár að baki. Stefnt er að eftirfarandi framkvæmdum:

- Endurnýjun raflagna og rafmagstöflu kirkjunnar. Fenginn hefur verið rafvirkjameistari til að endurnýja og yfirfara allar raflagnir, rafmagnstöflu, ljós og tengla í kirkjunni. Einnig verður hugað að brunavörnum í kirkjunni. Stefnt er að því að framkvæmdir hefjast í byrjun sumars.

- Farið verður í tiltekt og málun á turnherbergi og klukknaporti kirkjunnar. Jafnframt verður hitaklefi tekinn í gegn, málaður og komið fyrir hillum.
- Setja á upp söfnunarbauk í kirkjunni þar sem kveikt er á rafkertum til minningar um ástvini. Söfnunarbaukur þessi var gefin kirkjunni af vinum Baltasar og Kristjönu á síðasta ári.
- Stefnt er að því að setja upp smekklega girðingi við kirkjuna þannig að sauðfé leiti ekki í skuggsæla reiti við kirkjuna með tilheyrandi óþrifum sem berast vill inn í kirkjuna.
- Stefnt er að framhaldi endurbóta og lagfæringum á stakkettum og minningamörkum í kirkjugarði. Rætt hefur verið nokkra afkomendur þeirra er hvíla í Flateyjarkirkjugarði að taka að sér leiði forfeðra sinna og hugsanlega að fjármagna það að hluta.

Fjáröflun fyrir Flateyjarkirkju gekk vel á árinu 2015

- Fjáröflunarnefnd stóð fyrir nýrri fjáröflun fyrir kirkjuna á síðasta sumar. Tekið var á móti þremur skemmtiferðaskipum er komu til Flateyjar og farið var með farþega skipanna og áhafnir í stuttar ferðir um eyjuna með leiðsögn. Þetta gafst afar vel og skilaði liðlega 400 þús til kirkjunnar.
- Tónleikahald í kirkjunni síðastliðið sumar skilaði bæði aurum í kassann og gladdi fjölmarga Flateyinga. Stormsveitin hélt tónleika í byrjun júlí og gerði stormandi lukku. Sönghópurinn Olga heimsótti Flatey í annað sinn og héldu stórgóða tónleika í byrjun ágúst.
- All mikið af áheimum, minningagjöfum bárust kirkjunni á árinu. Einn danskur hópur er heimsótti Flateyjarkirkju í júní mánuði launaði fyrir góða heimsókn með 20 þús framlagi.
- Dósaöfnunin skilaði rúmlega 400 þús og var farin "dósapressunarferð" í byrjun október mánaðar til að ganga frá afrakstri ársins og koma dósum og flöskum um borð í Baldur til flutnings til Stykkishólms.

Vísitasía prófasts og vígslubiskups í Flatey. 23. júní komu tignir gestir í heimsókn til Flateyjar.

Þetta var vígslubiskup Skálholtsumdæmis, Kristján Valur Ingólfsson, prófastur

Vestfjarðaumdæmis, Magnús Erlingsson og sóknarprestur Flateyjarkirkju, Elína Hrund

Kristjánsdóttir. Heimsóknin var hluti vísitasíuferðar um Vestfjarðaprófastdæmið. Í Flateyjarkirkju

voru eignir kirkjunnar bornar saman við hina fyrri vísitasíuskrá og samviskusamlega skráðar og

metnar. Allt fór þetta vel fram af hátíðleika og nákvæmni og allt passaði við skrána. Greinilegt

er að kirkjan á marga gamla og fallega muni sem gaman væri að kynna fyrir Flateyingum.

Nýr prestur Flateyjarkirkju. Sóknarprestur okkar Elína Hrund Kristjánsdóttir fékk veitingu fyrir hinu fornfræga sögusetri Odda á Rangárvöllum og flutti suður á haustdögum. Var henni þökuð góða þjónustu fyrir Flateyjarkirkju. Þann 28. febrúar s.l. setti séra Magnús Erlingsson, prófastur á Vestfjörðum séra Hildi Björk Hörpudóttir inn í embætti sóknarprests Reykhólaprestakalls og Flateyjarkirkju. Var hún boðin velkomin til starfa.

Undirbúningur að útgáfu kynningarrits um Flateyjarkirkju. Unnið hefur verið af hálfu

fjáröflunarnefndar kirkjunnar að útgáfa kynningarrits um Flateyjarkirkju. Baltasar og Kristjana

komu út í Flatey haustið 2014 til að taka mikið af myndum af listaverkum þeirra í kirkjunni en

ætlanin er að nota myndir þessar í kynningarritið. Búið er að skrifa texta bæklingins og gera

tillögu að útliti og hönnun (lay-out) og er vinnan á lokastigi. Stefnt er að útgáfu kynningarritsins

um Flateyjarkirkju í byrjun sumars.

Endurnýjun og uppbygging söfnunarkassa. Til stendur að fara í endurnýjun á söfnunarkössum

fjáröflunarnefndar á núverandi stað. Búið er að fá verktaka í verkið og munu framkvæmdir

hefst nú í vor. Gert er ráð fyrir að útlit og gerð söfnunarkassana verði með svipuðu sniði og

verið hefur en auðvelda á allt aðgengi, umgengi og vinnu við losun. Skilað verður inn teikningum

af söfnunarkössunum til Skipulagsnefndar Reykhólahrepps þannig að öll tilskilin leyfi verði fyrir

hendi til þessarar framkvæmdar.

Orgelsjóður Flateyjarkirkju. Velunnarar Flateyjarkirkju og afkomendur Sigríðar Ólafsdóttir úr

Svefneyjum lögðu talsverða upphæð inn á reikning kirkjunnar sem stofnfé fyrir "orgelsjóð

Flateyjarkirkju" fyrir fáeinum árum. Síðan hafa ýmis framlög safnast inn á þennan sjóð og er

inneign sjóðsins er nú tæpar 900 þús. Talsverður undirbúningur og skoðun hljóðfæra hefur farið

fram á umliðnum árum og hefur Atli Heimir Sveinsson verið kirkjunnar mönnum til trausts og halds í þessum efnum. Verið er að skoða og leita að hljóðfæri sem hentar ekki aðeins til kirkjulegra athafna heldur einnig fyrir menningarlega viðburði og tónleika í kirkjunni. Viljum við fara okkur hægt í þessum málum og vanda valið þannig að *“hið rétta hljóðfæri”* verði fyrir valinu.

Í umræðu um skýrslu kirkjustjórnar Flateyjarkirkju greindi Gsteff frá væntanlegum kaupum á hljóðfæri fyrir kirkjuna en leitað væri eftir hljóðfæri sem gæti gegnt verðugu hlutverki í menningarathafnum í kirkjunni. Ýmis hljóðfæri eins og rafmagnsorgel hafa verið skoðuð en engin ákvörðun hefur verið tekin enn í þessum efnum.

TG kom á framfæri vegna óhefts aðgengi að kirkjunni að kvöldlægi, um helgar og jafnvel um nætur hvort ekki væri tilvalið að koma upp tölvustýrðum lokunarúnaði sem læsti kirkjudyrum að kvöldi og opnaði síðan morguninn eftir. Vildi hann koma þessari tillögu til kirkjustjórnar. Fundarstjóri bað fundarmenn að taka undir þakki til GSv fyrir dugnað hans og elju í störfum sínum fyrir Flateyjarkirkju og fjáröflunarnefnd kirkjunnar. Var honum þakkað með lófaklappi.

• Dreifbýlisnefnd og störf hennar

GMÁ greindi frá störfum dreifbýlisnefndar sem tók til starfa á síðasta ári. Þegar hafa verið haldnir tveir fundir, sá fyrsti í Króksfjarðarnesi, næsti á Reykhólum og sá þriðji er fyrirhugaður í Flatey 27. – 30. júní n.k. og mun fulltrúi Vegagerðarinnar mæta á fundinn ásamt sveitarstjórn Reykhólahrepps. Fram kom í máli GMÁ að nefndin á að koma á framfæri sjónarmiðum íbúa í dreifbýli og á jaðri Reykhólahrepps og vinna að málefnum sem þá varða en að öðru leiti er hlutverk dreifbýlisnefndar;

- Að vera tenging íbúa við sveitarstjórn sem talsmenn íbúa sveitarfélagsins.
- Nefndin er þrýstihópur á hið opinbera varðandi málefni dreifbýlisins og byggðarinnar.
- Nefndin er tengiliður við áttahagafélög tengd sveitarfélaginu og stuðlar að varðveislu menningar- og fornminja.
- Nefndin er vakandi yfir og er ráðgefandi um styrki og fleira sem nýst getur til framfara í sveitarfélaginu.
- Nefndin kemur málefnum sínum á framfæri við aðrar nefndir sveitarfélagsins sem þannig nýtist þeim til að taka upplýstar ákvarðanir.

Nefndina skipa;

Frá Flatey; Baldur Ragnarsson, og til vara Guðrún Marta Ársælsdóttir.

Frá Gilsfirði; Erla Björk Jónsdóttir, og til vara Bjarki Stefán Jónsson.

Frá Gufudalssveit; Erna Ósk Guðnadóttir og til vara Styrmir Sæmundsson.

Frá Innsveit og Geiradal; Erla Þórdís Reynisdóttir og til vara Sveinn Ragnarsson.

Af hálfu sveitarstjórnar; Áslaug B. Guttormsdóttir og til vara Vilberg Þránínsson.

Ýmis mál er varðar Flatey hafa borið á góma á þessum tveimur fundum. Nefna má m.a.

starfsmann Reykhólahrepps er starfa skal í Flatey tvo mánuði í sumar og verkefni hans, sjóvarnargarðar í Flatey og landrof á sunnanverðri eyjunni ásamt hreinsun vara og víkur, nefnd húseigenda í Flatey, staðsetningu smábátahafnar í Flatey og nauðsyn þess að hún komist á samgönguáætlun, ljósavélar OV og leyfi til þeirra, stígagerð og áfangastaðir og styrkir úr Styrkvegastjóði, brunavarnir og brunaeingar í Flatey, reglur um snjómokstur vegna lögheimila í Flatey, samstarf nefndarinnar við FFF og vettvangsferð til Flateyjar.

Fundarstjóri þakkaði þeim Baldri og Guðrúnu Mörtu fyrir störf þeirra í nefndinni.

Í umræðu kom fram; *Er ekki tenging nefndarinnar við húseigendur í Flatey en mjög áriðandi er að FFF komi að þessari nefnd með samráð við sumarhúsaeygendur* (Bent var á tengingu nefndarinnar við áttahagafélög sem FFF fellur undir). *Oft er talað um íbúa og sumarhúsaeygendur í Flatey í tvennu lagi – er ekki ráð að breyta þessu en íbúar eiga ekki aðild að FFF* (Bent var á að hagsmundir íbúa og sumarhúsaeygenda fara oft saman og tók GSt að FFF bauð sveitarfélaginu aðkomu FFF að þessu starfi.

HG óskaði eftir að koma á framfæri við fundarmenn skoðun sinni um stjórnarsýslu Flateyjar þar eð hann þyrfti að fara af fundi. Taldi hann að viðbrögð við neitun Reykhólahrepps um flutning stjórnarsýslu til Stykkishólmsbæjar hafi verið mjög eindregin en erfitt hefur reynt að færa rök fyrir málflytningi þessum. Hann sagðist lengi hafa verið talsmaður flutnings stjórnarsýslu Flateyjar til Stykkishólmsbæjar en vildi fá fram rök bæði með og á móti og hvaða þjónusta stæði til boða frá þessum tveimur sveitarfélögum og samanburður yrði gerður á því. Varpaði hann fram þeirri spurningu hver yrði hinn raunverulegi ávinningur að flytja stjórnarsýslu frá Reykhólahreppi? Taldi hann m.a. að fasteignagjöld yrðu verulega hærrí fyrir Flatey ef Stykkishólmur tæki við stjórnarsýslu eyjarinnar. TG upplýsti um vanefndir af hálfu sveitarfélagsins Reykhóla varðandi hafnargerð og ýmislegt fleira sem lofað hefði verið við upphaflega sameiningu en ekki staðið við. HS spurðist fyrir um aðkomu FFF að dreifbýlisnefnd og hvort félagsfundar væri ekki réttur vettvangur til að ræða og þrýsta á aðgerðir gagnvart yfirvöldum. Hann væri fylgjandi flutningi stjórnarsýslu Flateyjar frá Reykhólahreppi til Stykkishólmsbæjar og nefndi að skipulagsmál í Flatey væru til vansa.

- **Friðlandið í Flatey og samstarf við Umhverfisráðuneytið**

KSI greindi frá samstarfi vegna Friðlandsins í Flatey. Af hálfu Umhverfisstofnunar er nú hafin vinna við gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir friðlandið og hefur samstarfsnefnd verið skipuð; Hákon Ásgeirsson, sérfræðingur Umhverfisstofnunar, Áslaug Berta Guttormsdóttir, Reykhólahreppur, Kristín Ingimarsdóttir, Framfarafélag Flateyjar, Hafsteinn Guðmundsson og Svanhildur Jónsdóttir ábúendur í Flatey. Áætlunin er að fjalla um markmið verndunar svæðisins og hvernig standa skuli að viðhaldi verndargildi þess.

Meðal þess sem unnið hefur verið að er að breyta mörkum friðlandsins til stækkunar þess og samræma tímamörk um umgengni og aðgengi að friðlandinu en ósamræmi hefur verið all nokkuð milli uppsettra skilta og reglna um friðlandið. Ráðgert er að færa mörk friðlandsins til vesturs og verða tímamörkin 15. maí til 15. júlí. Fram kom í máli KSI að mjög mikill samhljómur er í skoðunum ábúenda um friðlandið en ráðgert er að ábúendur munu sinna eftirlitshlutverki gagnvart friðlandinu. Frétt varðandi þetta samstarf við Umhverfisráðuneytið verður sett á heimasíðu FFF fljótlega.

8. Önnur mál

- **Vefmyndavél í Flatey**

KN greindi frá því að hann væri áhugamaður um gamlar og nýjar myndir og út frá þessu áhugamáli sínu vildi hann koma með tillögu til fundarins og stjórnar FFF. Keyptar yrðu vefmyndavél/ar til uppsetningar í fjarskiptamastríð á Tröllenda en myndavélum beint í áttina að Þorpinu. Sagðist hann hafa skoðað þetta mál all ítarlega m.t.t. verðs, gæða og rekstrarkostnaðar og rætt við ýmsa aðila um samvinnu um þessar vefmyndavélar m.a. við Mílu. Tvennt kæmi til greina; Annars vegar að Flateyingar keyptu vefmyndavél og Míla sæi um allan rekstur sem gæti orðið talsverður. Til greina koma tvær gerðir vefmyndavéla;

1. Vefmyndavél frá Securitas er kostar um 250 þús m/VSK.
2. Sambærileg vefmyndavél og í Stykkishólmi sem væri með hálfu upplaust og eitthvað dýrari.

Hægt væri að setja „skyggningu“ á vefmyndavél ef fram koma athugasemdir um „óæskilega“ myndatöku að sumarhúsi eða íbúðarhúsi. Linkur yrði settur upp við vefmyndavél inn á heimasíðu FFF.

Fundarmenn voru sammála um að þetta væri frábær hugmynd og yrði þessari tillögu vísað til stjórnar FFF til skoðunar.

- **Stjórnarsýsla í Flatey**

GSv óskaði eftir að eftirfarandi bókun á aðalfundi FFF yrði færð til bókar og komið til stjórnar FFF til útfærslu:

Ósk um félagsfund FFF

Með vísan til laga Framfarafélags Flateyjar, 2. liður 5. greinar um félagsfundi og önnur störf óska ég hér með eftir að haldinn verði félagsfundur FFF til að ræða stjórnarsýslu Flateyjar og tilfærslu Flateyjar frá Reykhólahreppi til Stykkishólmsbæjar. Afstaða íbúa Flateyjar liggur nú þegar fyrir en eigendur sumarhúsa í Flatey hafa enn ekki haft tækifæri til að ræða þessi mál á almennum félagsfundi FFF.

Á þessu félagsfundi vil ég óska eftir að tekin verði afstaða til eftirfarandi atriða;

1. FFF geri skoðanakönnun meðal allra forsvarsmanna/talsmanna sumarhúsa í Flatey um afstöðu þeirra til flutnings stjórnarsýslu Flateyjar frá Reykhólahreppi til Stykkishólmsbæjar.
2. Skipuð verði lögfræðinganefnd Flateyinga sem hefur það hlutverk að semja og senda fyrirspurn til ráðuneytis sveitarstjórnarmála þar sem greennast er fyrir um hvort íbúar Flateyjar geti krafist flutnings stjórnarsýslu Flateyjar til Stykkishólmsbæjar í trássi við vilja sveitarstjórnar Reykhólahrepps.

Til undirbúnings þessa fundar óska ég eftir að FFF taki saman upplýsingar um kosti þess og galla fyrir Flatey að flytja stjórnarsýslu Flateyjar frá Reykhólahreppi til Stykkishólmsbæjar. Jafnframt óska ég eftir að FFF geri samanburð á þessum tveimur sveitarfélögum m.t.t. fjárhagslega stöðu sveitarfélagana, samanburð á eðli og uppruna tekna sveitarfélagana, landfræðilega stærð, íbúafjölda, samgöngur til og frá Flatey, núverandi þjónusta þessara tveggja sveitarfélaga við Flatey, stjórnarfarsleg skipan þessar tveggja sveitar- og bæjarstjórna og munur á atvinnulífi þeirra með tilliti til ferðaþjónustu.

Ég tel að þetta séu grundvallar upplýsingar og afar mikilvægar fyrir félagsmenn FFF og forsvarsmenn/talsmenn sumarhúsa í Flatey til að taka upplýsta ákvörðum um þetta mikilvæga hagsmunamál Flateyinga byggða á öllum tiltækum upplýsingum er málið varðar. Óska ég eftir að þessar upplýsingar verði sendar félagsmönnum nokkru fyrir þennan óskaða félagsfund.

Lagt fram á aðalfundi Framfarafélags Flateyjar 12. mars 2016

Gunnar Sveinsson, Eyjólfsbúsi, Flatey

Í framhaldi af þessari bókun varð all mikil umræða um stjórnarsýslu Flateyjar. *SJ sagði frá sinni reynslu af slíkum stjórnarsýslumálum og tilflutningi hér áður fyrir og sagði að sameining allra hreppa Austur-Barðastrandasýslu í Reykhólahrepp á árinu 1987 hefði verið með valdboði vegna ákvæðis um 50 íbúa lágmark í sveitarstjórnarlögum frá árinu 1986. SJ nefndi að á sama tíma hefði Klofningshreppur í Dalasýslu verið með of fáa íbúa og að samkomulag hefði náðst við heimamenn um að skipta hreppnum. SJ sagði þetta eina dæmið sem hann vissi um að sveitarfélagi hafi verið skipt á seinni árum. HS benti á að formaður Sambands sveitarfélaga, Halldór Halldórsson hefði sagt það skoðun sína á Stykkishólmsfundi FFF á sínum tíma „að hægt væri með samningum milli sveitarfélaga að flytja tiltekin verkefni milli sveitarfélaga“. Vafalaust myndu fjármunir úr Jöfnunarsjóði fylgja slíkum verkefnatilflutningi. Rétt væri að kanna þetta gaumgæfilega fyrir Flatey og Reykhólahrepp enda gæti þessi fundur ekki brotið þetta mál til mergjar. Í lokin undraðist HS hina augljósu andstöðu FFF gagnvart þeirri hugmynd að flytja stjórnarsýslu Flateyjar til Stykkishólmsbæjar.*

GSt nefndi að það gæti verið áhugaverð niðurstaða þessa máls að flytja tiltekin verkefni frá Reykhólahreppi til Stykkishólmsbæjar með samningum sveitarfélaganna sín á milli.

Fram kom tillaga að skipa sérstakan starfshóp til að fara yfir þetta mál í heild sinni, safna upplýsingum og koma með hugmyndir til lausnar í umræðunni um tilflutning stjórnarsýslu Flateyjar.

Að þessum orðum sögðum var dagskrá fundar tæmd og þakkaði fundarstjóri fundarmönnum fyrir góðan fund og upplýsandi. Minnti á að Vetrarhátíð FFF sem hæfist stundvíslega kl 19:00 um kvöldið.

GSt þakkaði fundarstjóra og fundarritara störf þeirra á fundinum og sleit fundi kl. 17:00